

**39. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
6. júní 2016 og hófst hann kl. 08:00**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Valdimarsdóttir varamaður, Gunnar Gíslason sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu.

Fyrir tekið:

1. 1605045 - Grundaskóli - heimild til ráðningu fagaðila 2016-2017

Þjónusturáð skóla- og frístundasviðs lagði fram erindi á fundi skóla- og frístundaráðs 12. maí s.l. þar sem farið var yfir metna þjónustubörf nemenda með sérþarfir í grunnskólum Akraneskaupstaðar fyrir skólaárið 2016-2017. Skóla- og frístundaráðið tók málið fyrir á fundi sínum en frestaði afgreiðslu þess. Málið var einnig á dagskrá fundar ráðsins 30. maí sl. og ákvað ráðið að fela Gunnari Gíslasyni ráðgjafa að kanna hvaða leiðir eru færar til að mæta þörf fyrir þjónustu við nemendur með sérþarfir.

Á fundinn mættu Arnbjörg Stefánsdóttir, Hrönn Ríkharðsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnafulltrúar skólastjórnenda í grunnskólum og Elís Þór Sigurðsson áheyrnafulltrúi kennara í grunnskóla.

Gunnar Gíslason ráðgjafi fór yfir leiðir til að mæta aukinni þörf á ráðningu fagfólks vegna fjölgunar barna í Grundaskóla með miklar sérþarfir. Umrætt mat er unnið af þjónusturáði skóla- og frístundaráðs, en hlutverk þess er að meta þjónustubörf nemenda með sérþarfir.

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að til þess að mæta aukinni þörf í Grundaskóla á næsta skólaári er lagt til að bætt verði við tímabundið 1,5 stöðugildum fagaðila frá 1.08 2016. Þá er lagt til að 0,5 stöðugildi verði færð frá sérdeild Brekkubæjarskóla í Grundaskóla og hefur verið leitað eftir því hjá stjórnanda Þorpsins hvort þau geti komið að málínu. Hefur verið tekið vel í að leita leiða til þess.

Kostnaður við að bæta við 1,5 stöðugildum fagaðila er áætlað að verði ekki hærri en kr. 4.100.000,- á þessu ári, en á ársgrundvelli verði hann ekki hærri en kr. 9.750.000,-.

Hér er lagt til að um tímabundna lausn verði að ræða. Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á að fundnar verði leiðir sem jafna mun á þjónustu skólanna til framtíðar sem taki mið af því að ígildi 0,68 sérkennslustunda á nemanda séu til ráðstöfnunar í grunnskólum á Akranesi. Þeirri vinnu verði lokið fyrir lok september 2016 og verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2017.

2. 1606015 - Kjarasamningur grunnskólakennara júní 2016

Þann 30. maí s.l. undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara (FG)

nýjan kjarasamning.

Ingibjörg vék af fundi kl. 8:44. Kristinn Hallur Sveinsson mætti til fundar kl. 8:44.

Elís Þór vék af fundi kl. 8:56.

Arnbjörg vék af fundi kl. 9:01.

Skólastjórnendur fóru yfir helstu atriði í nýjum kjarasamningi grunnskólakennara sem nú er til kynningar og í atkvæðagreiðslu. Ljóst er að ýmis ákvæði í samningnum munu leiða til útgjaldaaukningar hjá sveitarfélögum. Skóla- og frístundaráð hefur áhyggjur af því að gengið hafi verið til samninga án fullnægjandi samráðs við sveitarfélög og skólastjórnendur vegna ýmissa kostnaðarauka og annarra atriða sem geta verið flókin í framkvæmd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:08.

Signiður Indriðadóttir
Rakel Ósharsdóttir
Signiður Inga Guðnaddóttir
Kristinn Hallur Sveinsson
Astríður Óðóð Pagnarsdóttir.
Guðrún Guðlaugsson.
Jóhanna Hafnisdóttir
Ingi Þóð Valdimarsd.